



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á 100 ára afmæli  
Iðnskólans í Reykjavík  
30. september 2004**

Skólastjóri, kennarar,  
nemendur, ungir og eldri,  
hátíðargestir

Um aldir voru Íslendingar fátækasta þjóðin í álfunni, þorp og bæir varla til, samfélagið í kyrrstöðu og hver kynslóð fetaði sömu troðninga og hin fyrri. Við eigum erfitt með að gera okkur í hugarlund eynd og erfiðleika, áþján og þrautir sem settu þá svip á lífshætti almennings.

Það er í rauninni kraftaverk hvernig okkur hefur tekist að hefja okkur upp úr stöðnun fyrri tíma og þróa hér samfélag sem er nú sannarlega í fremstu röð í veröldinni.

Reykjavík hefur breyst úr fábrotnu sjávarþorpi í heimsborg með fjölþættum brag, reisulegum byggingum, höfuðstöðvum stjórnslu og fjármálalífs, menningar og lista og hverfin hafa eitt af öðru sprottið upp út um hæðir og mela, umfangið slíkt að erlendir gestir eiga erfitt með að skilja hvernig svo fámenn þjóð hefur annað slíku.

Atvinnuhættir hafa tekið stakkaskiptum og fjölbreytt fyrirtæki búa nú við umgjörð sem jafnast á við það besta sem þekkist í fjarlægum löndum; kunnátta og hæfni hafa gert okkur kleift að skapa hér samfélag og lífsstíl sem bera nútímabrag og eru reyndar í sífelldri endurnýjun.

Vissulega hafa margir komið að þessu góða verki, framþróun sem á sér fáar hliðstæður í veröldinni, en í þessum umbreytingum hefur hlutur Iðnskólans í Reykjavík verið ærið stór. Hann hefur ár af ári, í heila öld, skilað jafnt og þétt nýjum sveitum kunnáttufólks inn á völl athafnalífsins. Án þess merka framlags hefði okkur Íslendingum ekki tekist að ná árangrinum sem við blasir.

Iðnskólinn veitti fræðslu og aga, verkkunnáttu og samhæfingu sem nauðsynleg voru til að skapa undirstöður framfaranna og gera okkur kleift að ná til jafns við aðrar þjóðir.

Það er fágætt að menntastofnun sé samferða þjóðinni á svo langri leið. Það hefur Háskólinn ekki verið og sama gildir um nær öll fræðasetur sem við búum nú að.

En Iðnskólinn í Reykjavík hefur staðið vaktina í hundrað ár og markað dýpri spor en unnt er að rekja í stuttu máli. Hann hefur í raun og sann verið burðarás í framförum Íslendinga á mesta umbrotaskeiði sem þjóðin hefur lifað.

Fyrir þennan merka þátt í sögu okkar Íslendinga flyt ég ykkur þakkir á þessum hátíðardegi, þakkir frá þúsundum sem hafa notið góðs af hæfni þess fólks sem skólinn hefur þjálfað.

Þessi hundrað ár hafa verið mikill breytingatími en Iðnskólinn hefur megnað að laga sig að nýjum kröfum, vera í fararbroddi í umsköpun verk- og tæknimenningar sem atvinnuvegir og þjóðlíf hafa kallað eftir á hverjum tíma.

Ef Iðnskólinn hefði fest í gömlum förum og vanahugsun hefði þjóðinni veist erfitt að taka stór stökk á öld umskiptanna, nánast ógerlegt að halda örugg inn á ótroðnar slóðir.

Iðnskólinn hefur hins vegar borið gæfu til að gera sífelda endurnýjun að boðorði dagsins og laga kennslu og efnistöð, námsval og fræðslumarkmið að síbreytilegum þörfum.

Þessi eiginleiki hefur í senn verið styrkur og gæfa og gert Iðnskólanum kleift að halda sínum sessi, vera áfram burðarás í framfarasókn Íslendinga.

Á þessum tímamótum getur hann horft með eftirvæntingu til framtíðarinnar, nýtt sér vel reynslusjóðinn sem kennarar og starfsfólk allt, nemendur bæði nú og áður hafa safnað í á löngum tíma. Slíkir kostir munu koma sér vel þegar í hönd fara áratugir sem án efa eiga eftir að færa mannkyni öllu, þjóðum og einstaklingum, fleiri nýjungar en nokkru sinni.

Sú sigling verður öruggari þegar fleyið er traust og Iðnskólinn í Reykjavík hefur svo sannarlega verið búinn þeim eiginleikum, fært verkmenntun okkar Íslendinga hollar gjafir, þekkingu og leikni sem munu reynast vel í framtíðinni, kjölfestu sem dugað hefur í hundrað ár.

Ég færi ykkur öllum hamingjuóskir og fullvissa ykkur um að Íslendingar meta mikils að geta áfram treyst á framlag ykkar, að geta átt ykkar merka skóla að í baráttu þjóðarinnar fyrir bættum kjörum og nýjum

lífsstíl, viðleitni okkar og ásetningi að vera áfram í fremstu röð í veröldinni.